

KIRKJUGARÐARÁÐ

98. fundur haldinn 3. september 2012 á Hótel Hamri í Borgarfirði.

Lagt var af stað frá Reykjavík, kl. 9:00. Eftir morgunkaffi í Mosfellsbakaríi var haldið til Þingvalla þar sem Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup sýndi garðinn og fjallaði um málefni hans og sýndi einnig kirkjuna.

Að því loknu var haldið í Borgarfjörð og framkvæmdir við Lundarkirkjugarð skoðaðar. Að loknum hádegisverði var haldinn fundur Kirkjugarðaráðs á Hótel Hamri.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Setning fundar

Fundur settur og fundargerð síðasta fundar samþykkt með smábreytingum.

2. Staða kirkjugarðafrumvarpsins

Þórsteinn Ragnarsson kynnti stöðu mála. Gerðar verða breytingar og sértekjuliðir teknir út. Kirkjugarðasambandið hefur ráðið Harald Línal Haraldsson til að fara yfir einingarverðin.

3. Endurskoðunarskýrsla Kirkjugarðasjóðs 2011

Guðmundur Rafn kynnti. Ekki voru gerðar neinar sérstakar athugasemdir af hálfu endurskoðenda. Farið verður aftur yfir skýrsluna með Sigríði Dögg Geirsdóttur fjármálastjóra á næsta fundi.

4. Önnur mál

Þórsteinn og Smári nefndu að ýmsir kirkjugarðar ættu í fjárhagserfiðleikum. Kristín Huld nefndi að búið væri að prenta bókina um skráningu og rannsókn á friðuðum minningarmörkum í Kjalarnesprófastsdæmi. Hún verður kynnt á næsta fundi.

Á fundinum verður einnig kynnt BA-ritgerð um Húsafellslegsteinana. Þá verður kynnt tölvuskráningarkerfi yfir minningarmörk.

5. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 8. október.

Fundi slitið kl. 15:05.

Að loknum fundi var haldið í Stafholt og kirkja og kirkjugarður skoðuð. Framkvæmdir við kirkjugarðinn voru kynntar.

Komið var til Reykjavíkur um kl. 17:00.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari